

Gæðastefna VIRK

Tilgangur:

Tilgangur gæðastefnu VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs (VIRK) er að tryggja að þjónusta VIRK við einstaklinga sé örugg, fagleg, árangursrík og í samræmi við þær lagalegu og faglegu kröfur sem gerðar eru til VIRK.

Markmið:

- Starfsemi VIRK skal uppfylla:
 - ákvæði skipulagsskrár VIRK
 - faglegar kröfur um starfsendurhæfingu
 - þær lagalegu kröfur sem gerðar eru til hennar
- Starfsemi VIRK, þ.m.t. gæðakerfi, og stjórnun skal uppfylla kröfulýsingu Velferðarráðuneytisins um starfsemi starfsendurhæfingarsjóða við undirritun samnings milli Velferðarráðuneytisins og VIRK.
- *Starfsemi VIRK skal uppfylla alþjóðlegar gæðakröfur byggðar á staðlinum ISO 9001:2008 Gæðastjórnunarkerfi – kröfur og öðlast vottun um áramótin 2015/2016.*
- Starfsemi VIRK skal einnig taka mið af alþjóðlegum upplýsingaöryggiskröfum byggðum á ISO/IEC 27001:2013 Upplýsingatækni- Öryggistækni- Stjórnkerfi upplýsingaöryggis
- Markvisst skal viðhalda og bæta stefnur og verkferla sjóðsins með reglubundinni endurskoðun, eftirfylgni ábendinga og innri úttektum á gæðaskjöllum, úttektum á verklagi við ráðgjöf, rýni, matsgerð, úttektum hjá samningsbundnum úrræðaaðilum og við þekkingaröflun á gagnreyndum aðferðum við starfsendurhæfingu.

Ábyrgð:

- Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á gæðastefnu VIRK.
- Sviðsstjóri starfsendurhæfingar ber ábyrgð á faglegum kröfum starfsendurhæfingar.
- Gæðastjóri ber ábyrgð á innleiðingu gæðastefnunnar.
- Starfsmönnum, ráðgjöfum VIRK og samningsbundnum sérfræðingum VIRK ber að fylgja gæðastefnunni.

Stefnan gildir frá 18. janúar 2016